

Skýrsla stjórnar landssambandsstjórnar DKG fyrir tímabilið 2021 – 2023

Inngangur. Núverandi stjórn landssambands DKG tók til starfa á meðan enn gætti áhrifa Covid-faraldursins hér á landi. Til að mynda þurfti að halda landsambandsþingið þar sem núverandi stjórn var kosin á Zoom, þar sem faraldurinn hafði tekið sig upp og enn voru í gildi samkomutakmarkanir.

Samsetning stjórnar - nokkuð góð dreifing var eftir búsetu; tvær á höfuðborgarsvæðinu, tvær á Norðurlandi, og ein á Vesturlandi. Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, fráfarandi forseti, hefur starfað með stjórninni ásamt gjaldkera og vefstjóra sem reyndist ómetanlegur stuðningur við stjórnina.

Allir fundir stjórnar til þessa hafa verið með fjarfundasniði á Zoom. Fyrri stjórn hafði keypt aðgang að Zoom til að hægt væri að halda lengri fundi en í 45 mín. og bjóða deildum að halda fjarfundi. Á fyrra starfsári voru haldnir tíu fundir en átta á því seinna. Stjórnin hefur enn ekki haldið staðfund en stefnir á að gera það áður en starfstíma hennar lýkur formlega 30. júní nk.

Eitt af fyrstu verkefnum nýrrar stjórnar var að skipuleggja fyrsta framkvæmdaráðsfund sinn ásamt því að skipa í nefndir. Framkvæmdaráðsfundurinn var haldinn með fjarfundasniði á Zoom þann 3. september 2021 frá kl. 17:00 – 21:30 með stuttu kvöldmatarhléi. Á fundinn mættu sex konur frá landssambandsstjórn og formenn allra deilda, auk gjaldkera, vefstjóra og lögsögumanns. Ingibjörg Jónasdóttir, fyrrv. Evrópuforseti, var sérstakur gestur fundarins og var með erindi um formenn deilda sem leiðtoga. Forseti kynnti tillögur um skipun í innlendar nefndir og tillögu um gjaldkera, vefstjóra og lögsögumann. Nokkur breyting varð á nefndarskipan og m.a. þurfti að finna nýjan gjaldkera og lögsögumann en vefstjóri hélt áfram störfum frá fyrra tímabili. Fráfarandi gjaldkeri, Jensína Valdimarsdóttir í Deltadeild hafði verið gjaldkeri samtakanna í átta ár og eru henni hjartanlega þökkuð óeigingjörn störf í þágu samtakanna. Ingibjörg Elsa, fráfarandi forseti, kynnti langtímaáætlun sem samþykkt var af fyrri stjórn í apríl 2021 og í framhaldinu var umræða um hvernig við getum eftir starf DKG á Íslandi. Síðan var lögð fram tillaga stjórnar að framkvæmdaáætlun fyrir árin 2021 – 2023 og var hún samþykkt. Einnig var kynnt fjárhagsáætlun sem samþykkt var á síðasta aðalfundi og fjárhagsáætlun til eins árs var lögð fram til samþykktar. Lögð var fram tillaga um eins dags vorráðstefnu í maí 2022 og var samþykkt að stefna að því að halda hana í Reykjavík 7. maí 2022 þar sem líklega yrði auðveldast að finna þar nógu stóra fundarsali þar sem hægt væri að viðhafa þær sóttvarnaraðgerðir sem í gildi væru hverju sinni. Til hafði staðið að halda haustráðstefnu í Reykjanesbæ 4. sept. 2021 en henni var frestað um óákveðinn tíma vegna óvissu í þjóðfélaginu af völdum Covid.

Seinni framkvæmdaráðsfundurinn var haldinn 17. september á Center Hótel Plaza við Ingólfstorg í Reykjavík. Á fundinn mættu fjórar stjórnarkonur, nýskipaðir formenn eða aðrir stjórnarmenn úr öllum deildum ásamt formönnum tveggja nefnda og embættismönnum samtakanna. Jóna Benediktsdóttir, formaður laganefndar og fyrrverandi forseti DKG flutti orð til umhugsunar og velti fyrir sér námi og skólastarfi í ljósi ýmissa breytinga í samfélaginu. Stjórnarkonur kynntu sig og formenn deilda sögðu frá því af hverju þær væru í DKG. Formenn nefnda og aðrir gestir sögðu stuttlega frá hlutverki sínu eða sinnar nefndar. Sigrún Klara Hannesdóttir, lögsögumaður, rifjaði upp stefnuyfirlýsingu DKG, rakti helstu þætti í sögu samtakanna og sagði frá helstu táknum og hefðum. Sigríður Indriðadóttir, ráðgjafi, var með erindi um jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi sem hún nefndi *Við höfum áhrif*. Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, fráfarandi forseti, fór yfir mikilvægar upplýsingar fyrir formenn og stjórnir deilda í DKG, s.s. handbók og ýmislegt efni fyrir formenn og stjórnir á heimasíðu DKG. Á fundinum lagði forseti fyrir hönd landssambandsstjórnar fram til kynningar og afgreiðslu framkvæmdaáætlun fyrir starfsárið 2022 – 2023 og var hún samþykkt. Yfirskrift framkvæmdaáætlunarinnar hefur verið *Lærum og leiðum – faglegar og framsæknar*. Í

kjölfarið voru umræður um hvernig efla megi starf DKG á Íslandi. Kristín Helgadóttir, gjaldkeri DKG, kynnti fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár og var hún samþykkt einróma. Forseti lagði fram tillögu stjórnar um að næsta landssambandsþing verði haldið á Suðurlandi 13. og 14. maí 2023. Epsilondeild verði gestgjafar þingsins og hefur deildin tekið þeirri áskorun fagnandi.

Að auki var stjórnnum deilda boðið á fræðslufund í mars 2023 um leiðtogahlutverkið þar sem Sigríður Hulda Jónsdóttir, ráðgjafi og félagi í Kappadeild, fræddi konur um gildi, markmið og það að hafa áhrif auk þess sem forseti reifaði ýmsar leiðir til að efla deildastarfið, laða að nýja féлага og halda í þá gömlu og benti á ýmis gögn, bæði á heimasíðu landssambandsins og alþjóðasambandsins sem stjórnir geta nýtt sér í þessu skyni.

Forseti hefur ritað alls átta rafræn fréttabréf á tímabilinu og deilt til félagskvenna með tölvupóstum og á Facebook síðu samtakanna.

Núverandi fjöldi félagskvenna sem hafa greitt árgjald er 332 konur sem er örlítill fækkun frá fyrra ári. Samkvæmt upplýsingum frá féлага- og útbreiðslunefnd má búast við að það fjölgi í samtökunum á starfstíma fráfarandi stjórnar um 35 – 40 konur eða um eða yfir 10% sem er afskaplega gleðilegt.

Nefndir samtakanna hafa starfað með blóma á tímabilinu:

Námsstyrkjasjóður. Fyrri stjórn sjóðsins hafði endurskoðað reglur um sjóðinn sem voru birtar á heimasíðunni. Núverandi sjóðsstjórn veitti upplýsingar um styrkina og lagði til við stjórn tillögu um styrkhafa þessa tímabils. Upplýsingar um styrkhafa verða veittar síðar í dag.

Féлага- og útbreiðslunefnd. Nefndin tók við eftir erfitt tímabil hjá öllum og starf í deildum hafði víða reynst áskorun í samkomutakmörkunum sem fylgdu Covid-19 faraldrinum. Í stað þess að leggja áherslu á að stofna nýja deild á suð-austur horni landsins var áveðið að leggja áherslu á samvinnu við stjórnir deilda, styrkja innra starfið og styðja við fjölgun í deildum. Stjórnin sendi samtals þrjú bréf til formanna deilda þar sem áhersla var á samvinnu og að nefndin væri tilbúin að styðja við stjórnirnar við að fylgja eftir markmiði landssambandsstjórnar um fjölgun í deildum, m.a. með aðstoð við inntöku nýrra féлага. Nefndin benti stjórnnum á að félagatal deildar væri á ábyrgð stjórnar og mikilvægi þess að upplýsingar í félagatali væru réttar.

Laganefnd: Nefndin kynnti sér þær lagabreytingatillögur sem lagðar voru fyrir alþjóðþing samtakanna í júlí 2022 sem virtust aðallega hafa lítil áhrif á starfið hér á landi. Rýnt var í breytingartillögu um sameiningu alþjóðanefnda, annars vegar féлага- og útbreiðslunefndar (*Expansion- og Membership Committees*) og hins vegar *Golden Gift og Leadership Development* nefndanna. Einnig voru tillögur varðandi inntökugjöld og gjaldgengi kennaranema í samtökin. Nefndin fór yfir þessar breytingatillögur, sendi landssambandsstjórn til kynningar og auglýsti eftir lagabreytingatillögum á Facebook-síðu samtakanna. Nefndin rýndi jafnframt hvort þær breytingatillögur sem samþykktar voru á alþjóðþinginu hefðu áhrif á lög og reglugerðir íslensku samtakanna. Þær breytingatillögur liggja fyrir landssambandsþinginu til samþykktar eða synjunar. Alþjóðaskrifstofa DKG hafði óskað eftir þýddri útgáfu af íslensku lögnum og tók Ingibjörg E. Guðmundsdóttir að sér að þýða lögina með hliðsjón af eldri þýðingu laganna.

Menntamálanefnd skipulagði og undirbjó í samstarfi við landssambandsstjórnina haustráðstefnu sem til stóð að halda 4. september 2021 en hún var síðan felld niður vegna ástandsins í samfélaginu. Einnig skipulagði og undirbjó nefndin vorráðstefnu sem haldin var á Grand hóteli í Reykjavík 7. maí 2022 sem tæplega 70 konur sóttu og einnig ráðstefnuhluta landssambandsþingsins, sem nú er haldið.

Samskipta- og útgáfunefnd. Nefndin hefur haldið úti útgáfu á fréttabréfi samtakanna með reglulegum hætti. Fréttabréfin gefa glögga mynd af því faglega starfi og þeirri fjölbreytni sem er á starfi deildanna auk þess að gefa stjórnnum og félagskonum í deildum góðar hugmyndir af fróðlegum fyrirlestrum, kynningum og öðru efni sem deildir geta nýtt á fundum sínum.

Uppstillingarnefnd. Hefur skilað tillögu í samræmi við hlutverk sitt og verður kosið hér á eftir um tillögur nefndarinnar.

Helstu áherslur í starfinu:

Þekkingarforðinn – Þar sem gífurlegur fagauður býr í þeim hópi sem samtökin hefur innan sinna vébanda hefur forseti í ræðu og riti hvatt félagskonur til bjóða upp á erindi og fræðslu fyrir eigin deildir og aðrar á *Þekkingarforðanum* á heimasíðunni. Nokkrar félagskonur hafa þegar skráð erindi og kynningar sem þær eru tilbúnir til að deila með öðrum en enn eru tækifæri fyrir fleiri félagskonur til að gefa kost á að miðla af reynslu sinni og þekkingu á þessum vettvangi.

Að fjölga í deildum og styrkja innra starfið. Eins og áður er getið hefur félagi- og útbreiðslunefnd unnið ötullega að því á kjörtímabilinu að efla og styrkja innra starf deildanna og styðja deildirnar við að fjölga félagskonum í samræmi við markmið framkvæmdaáætlunar 2021 – 2023. Stjórnin er mjög þakklát nefndinni fyrir sitt markvissa og óeingjarna starf.

Vegna ytri aðstæðna tókst forseta ekki að heimsækja allar deildir á kjörtímabilinu. Forseti sótti fundi með um helmingi deildanna og ætlaði að slá þrjár flugur í einu höggi með því að sitja sameiginlegan jólafund hjá þremur deildum á Norðurlandi í desember 2022 en fluginu var aflýst á síðustu stundu þannig að ekkert varð af þeirri góðu fyrirætlan. Vonandi hefur ný stjórn betri möguleika á að heimsækja deildirnar, sérstaklega á landsbyggðinni.

Erlent samstarf. Ný tækni opnaði möguleika á auknu alþjóðlegu samstarfi í samtökunum. Mikil og góð tengsl hafa myndast á milli evrópskra landssambanda og félagskvenna, m.a. fyrir tilstilli sk. *Evrópskra menntaerinda (DKG Europe Education Series)* sem ákveðið var að fara af stað með haustið 2021 þegar fresta þurfi Evrópuráðstefnu sem til stóð að halda í Finnlandi sumarið 2021. Forseti hefur setið um mánaðarlega fundi með Evrópuforseta þar sem bæði hefur verið miðlað ýmsum upplýsingum og forsetarnir hafa skipst á skoðunum og deilt reynslu sinni. Beiðni barst frá DKG – fylkjasamböndum í Kanada um samstarf og var haldinn einn fundur þar sem forsetar DKG fylkjasambanda í Kanada og evrópskir landssambandsforsetar kynntu sig stuttlega. Forseti hefur f.h. stjórnar reglulega hvatt félagskonur til að gefa kost á sér í erlent samstarf á vegum samtakanna, sækja um styrki og nýta sér önnur tilboð sem þátttaka í alþjóðlegum samtökum býður upp á.

Skýrslur deilda og nefnda hafa verið settar á vefinn sem enn og aftur gefa góða mynd af því faglega og framsækna starfi sem fram fer innan okkar vébanda.

Í lokin vil ég þakka fráfarandi stjórn fyrir góð kynni og gott og gjöfult samstarf, embættismönnum, formönnum nefnda og nefndarmönnum fyrir þeirra framlag í þágu DKG, formönnum deilda fyrir þátttöku í fundum framkvæmdaráðs og stuðning við starf deildanna sem eru undirstaða starfsins í samtökunum okkar. Ég lít björtum augum til framtíðar samtakanna okkar og hef fulla trú á að ný stjórn muni halda áfram að efla samtökin og styðja við það faglega og framsækna starf sem þar fer fram.